

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2025

Úrval ljóða frá miðstigi:

Íslenska tungan

Að læra íslenskt tungumál
– þá getur þú talað við aðra sál.
Ef þú lærir íslensk orð
þá situr þú við sama borð
og þeir sem hana tala
og orðum kunna að smala.
Ef enginn talar íslensku meir
– þá leggst hún bara niður og deyr.

Kormákur Erlendsson, 6. bekk Hofstaðaskóla

Lampi

Ljós í myrkri.
Augun sjá.
Myrkrið hverfur öllu frá.
Príla í rúmið – allt er hljótt.
Inni les ég fram á nótt.

Júlíana Erna Einarsdóttir, 6. bekk Hofstaðaskóla

Þvottavél

Þvottavélin vaggar
þvottinum eins og barni
blíðlega en samt ákveðið.
Þegar ilmurinn kemur
út úr henni
brosir hún af gleði.

Júlíana Erna Einarsdóttir, 6. bekk Hofstaðaskóla

Koddinn

Koddinn bíður.
Persónan vaknar.
Koddinn andar léttar.
Persónan geyspar
og fer fram.
Koddinn leggst á hina hliðina
og sofnar.
Enn á ný
er komið frí.

Kormákur Erlendsson, 6. bekk Hofstaðaskóla

Bíllinn

Bíllin keyrir
upp og niður allan daginn,
hugrakkur í umferðinni.
Alltaf í góðum gír.

Emilía Erla Eiríksdóttir, 6. bekk Hofstaðaskóla

Flugvélin

Flugvélin bíður spennt
eftir því að fara á loft.
Hún sér fugla fljúga.
Hún óskar sér að vera fugl
– því hana langar til að fljúga frjálst.

Bríana Hólm, 6. bekk Hofstaðaskóla

Orð

Í skólanum
sit ég og hugsa um orð.
Læt mér leiðast.
Enda veit ég ekki hvað ég á að gera.
Nýt þess að trufla sessunaut minn.
Strákurinn tryllist og öskrar á mig.
Krakkarnir hlaupa og kennarinn kemur.
Allt byrjaði þetta á því að ég fann ekki orð.

Stefán Bjarni Freysson, 6. bekk Hofstaðaskóla

6-7

Labba í skólann
með Labubu á töskunni
6-7 á heilanum
Crock-skó á fótunum
eyrnalokk í eyranu ...
og ég er það sem ég á.

Guðlaugur Nói Guðlaugsson, 6. bekk Hofstaðaskóla

Ég brosi

Ég sit uppi í rúmi og horfi út í tómið,
ég leggst niður og sofna,
mig dreymir um veröld þar sem allt er gott,
ég vakna og horfi út um gluggann og brosi.

Móeiður Sigfúsdóttir, 5. bekk Háteigsskóla

Síminn

Síminn er leiðinlegur staður,
frekar að vera úti glaður.
Þér verður illt í augunum,
þegar þú situr með baugunum.
En þú verður hress og kátur úti að brasa,
svo förum við líka inn að masa.
En þegar þú hefur ekkert að gera,
lestu bók og láttu símann vera.

Þóra Egilsdóttir, 5. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Inni í dýrum

Hvað er inni í dýrum? spyr ég þig.
Ég held að hamsturinn minn sífellt dreymi um mig.
Fiskarnir í búrinu syngja sjómannalög,
kötturinn í bæli hrýtur eins og sög.
Hundurinn er alltaf að góla
og páfagaukurinn alltaf að róla.
Hvað er nú inni í dýrum?
Ég veit! Það eru heili, hjarta og bein!

Matthías Helgi, 5. bekk, Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólinn

Skólinn er staður
sem maður á að mæta glaður.
Ekki veifa símanum
því það eyðir tímanum.
Við mætum með nesti
og fáum stundum gesti.
Svo förum við að baka
og úr því kemur kaka.
Það er gaman
því við erum öll saman.
Þegar ég teikna á blöð
verð ég mjög glöð.
Skólinn er einn af uppáhalds stöðunum mínum.
Er hann kannski einn af þínum?

Andrea Helga Sævarsdóttir, 5. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Amma mín

Amma mín segir að hún sé geimvera
en ég trúi henni ekki.
Hún segir að hún fari út um nótt
í fallega geimskipið sitt.

Hún segir að hún fljúgi
til að hitta Guð
en ég trúi henni ekki.
Ég held að hana sé að dreyma.

Guðrún Ásta Heimisdóttir, 6. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Minningar lifa

Við stóðum á ströndinni
með ösku í hendinni.
Horfðum á sólina setjast,
við dreifðum öskunni.
Sáum hana dreifast og hreyfast
upp í himininn bleika.

*Stefanía Vigdís Jónsdóttir og Ingibjörg Erla Fannarsdóttir,
6. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

Lífið

Ég er í fýlu með Grýlu
en ég ætla að breyta því
og vera í stuði með Guði.
Þú veist ekki hvort lífið sé stutt
þannig að það er eins gott að passa
sig á GILITRUTT.

Ástrós Helga Guðjónsdóttir, 6. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Pungur

Þegar þú varst ungur
þá óx á þér pungur.
Svo komu sprungur
og þá varð hann þungur.

Guðjón Sæmi Hákonarson 6. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ég er sú sem ég er

Hér stend ég fyrir framan bekkinn með báðar fætur á gólfinu
og segi mitt ljóð á þessum ævintýraríka föstudegi.
Ég hoppa upp í loftið og hrópa mjög hátt.
„Ég er sú sem ég er og enginn getur breytt mér.“
Ég svíf rólega niður og hugsa mig um og segi aftur lágt,
„Ég er sú sem ég er og enginn getur breytt mér.»

Birgitta Sara Björnsdóttir, 5. bekk Grunnskólans í Borgarnesi

Það eru komin jól

Það er kalt úti
allir í jólaskapi
komið jólafrí

Bára Rós Helgadóttir, 5. bekk Hvaleyrarskóla

Jól

Opna pakkana
það er aðfangadagskvöld
komið jólastuð

Bergdís Friðsemd Thorarensen, 5. bekk Hvaleyrarskóla

Næturljóðið

Ég segi góða nótt
Hann sofnar í fanginu mínu
Hann elskar mig og ég elska hann
Svo sofna ég líka

Katla Margrét Rósu Hörpudóttir, 5. bekk Laugarnesskóla

Sorg

Líf mitt hefur breyst. Það er pressa á mér að vera góð við fjölskylduna okkar eftir að þú fórst. Sorgin sem vakir yfir mér mun aldrei dvína, sárið í hjarta mun verða að eilífu og mun aldrei gróa. Góðu minningarnar sem við áttum saman hafa tekið bólfestu inni í huga mínum og verða þar fyrir mig ef ég þarf þær. Þegar ég var með þér var ég hamingjusöm, glöð og örugg. Mér leið vel, en núna er ég óörugg. Það vantar eitthvað í líf mitt, en kannski fór það bara frá mér. Ég elska þig.

María Sjöfn Jónsdóttir, 5. bekkur Varmahlíðarskóla

Gerum eitthvað strax!

Sumar, vetur, vor og haust
þú mengar endalaust.
Þú traustið frá jörðinni braust
því þú röngu leiðina kaust.

Allir í þessum heimi
liggja nú í leynd.
Því þeir vildu bjarga jörðinni
en líka eigin skinni.

Flóð og hiti upp í 60° stig,
núna verður að passa sig.
Ætli við björgum þessu,
undir þessari miklu pressu.

Stríðin og sýklarnir ganga nú.
Þetta verður að lagast, það er mín trú.
Við verðum að hætta að berjast.
Nú stöndum saman þéttingsfast.

Þeir sem eru góðhjartaðir,
hver öðrum eru glaðir
því þeir hjálpa hver öðrum
og hinum, með einhverjum töfrum.

En ég vil bara fá frið
og því ykkur um það bið;
Að hætta að menga og meiða,
það á betri stað ykkur mun leiða.

Gerum eitthvað strax!

Brynhildur Eyja Jóhannesdóttir, 6. bekk
Grunnskóla Borgarfjarðar